



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Yfirlit yfir starfandi starfs- og stýrihópa og erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs

Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar sem voru samþykktar 2. febrúar 2018 skal halda skrá yfir starfshópa á hverju fagsviði og erindisbréf starfshópa skulu kynnt í viðkomandi fagraði. Samantekt upplýsinga um starfshópa á skrifstofu skóla- og frístundasviðs eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð tvisvar á ári til upplýsingar. Uppruni starfshópa getur verið samkvæmt samþykkt skóla- og frístundaráðs þar sem sviðsstjóra er falið að setja af stað starfshóp til að sinna ákveðnu verkefni, jafnframt getur sviðsstjóri ákveðið að setja af stað starfshópa.

Í fylgiskjöllum með minnisblaðinu eru eftirfarandi upplýsingar:

1. Yfirlit yfir starfshópa á vegum skóla- og frístundasviðs tímabilið febrúar 2021 til september 2021. Þar eru upplýsingar um 18 hópa að störfum og 3 hópa sem hafa lokið störfum síðan síðasta yfirlit var lagt fram í febrúar 2021.
2. Yfirlit yfir ný erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs frá febrúar 2021 til september 2021, alls 7 erindisbréf.

Starfshópar	Hlutverk / Markmið	Uppruni	Áb.	Form./verkefnastj.	Starfstímabil skv. erindisbréfi	Staða
<i>Starfshópur um mat á misferlisáhættu hjá skóla- og frístundasviði</i>	Kortleggja áhættusama starfs- og þjónustubætti innan sviðsins	SFS svið	Sviðsstjóri SFS	Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri	Starfstímabil starfshóps frá 15. júní 2021 til 15. september 2021.	Að störfum
<i>Starfshópur um kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar</i>	Að skoða hvernig megi auka og efla kynjafræði og hinseginfræði í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík og bæta við þjálfun og þekkingu starfsfólks á þeim sviðum.	SFS ráð	Sviðsstjóri SFS	Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnisstýra Jafnréttisskóla.	Skólaárið 2020-2021. Ábyrgðarmaður hefur samþykkt beiðni um frest á skilum til 30. sept. 2021.	Að störfum.
<i>Starfshópur um húsnæði skóla- og frístundastarfs í Réttarholtsskóla og Bústöðum</i>	Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögur um húsnæðismál Réttarholtsskóla og Bústaða til framtíðar með hagsmuni barna og unglunga í Bústaðahverfi að leiðarljósi.	SFS svið	Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir, Ósk Soffía Valtýsdóttir (USK)	Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Guðrún Edda Bentsdóttir verkefnastjórar	Hópurinn starfar til 30. apríl 2021. Sótt hefur verið um frest á skilum til 1. október 2021.	Að störfum.
<i>Starfshópur um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla.</i>	Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögu um skóla- og frístundastarf í ofangreindum skólahverfum til framtíðar með hagsmuni barna og unglunga að leiðarljósi.	SFS ráð	Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir		Frá janúar 2021 - 31. mars 2021. Starfshópurinn hefur skilað af sér og eru tillögur í kostnaðarmati.	Í vinnslu
<i>Starfshópur um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla.</i>	Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögu um skóla- og frístundastarf í ofangreindum skólahverfum til framtíðar með hagsmuni barna og unglunga að leiðarljósi.	SFS ráð	Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir		Frá janúar 2021 - 31. mars 2021. Starfshópurinn hefur skilað af sér og eru tillögur í kostnaðarmati.	Í vinnslu

Starfshópar	Hlutverk / Markmið	Uppruni	Áb.	Form./verkefnastj.	Starfstímabil skv. erindisbréfi	Staða
<i>Framtíðarhópur um innleiðingu menntastefnu 2022-2024</i>	Að leggja mat á framgang innleiðingar menntastefnu Reykjavíkurborgar <i>Látum draumana rætast</i> eftir fyrstu tvö árin og áforma næstu skref. Hópnunum er ætlað að tryggja að áherslur innleiðingar og aðgerðaráætlun verði samofin <i>Græna planinu</i> sem nú er í mótun fyrir Reykjavíkurborg sem og þeirri gerjun sem átt hefur sér stað í menntamálum jafnt hérlandis sem erlendis á liðnum misserum.	SFS ráð	Sviðsstjóri SFS	Skúli Helgason formaður skóla- og frístundaráðs.	Janúar 2021 - október 2021.	Að störfum.
<i>Ráðgjafateymi um kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi í skóla- og frístundastarfi</i>	Að veita starfsstöðum skóla- og frístundasviðs ráðgjöf og stuðning og leiðsögn varðandi mál sem tengjast kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi.	SFS svið	Sviðsstjóri SFS	Kolbrún Hrund Sigurgeirdóttir, verkefnisstýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur.	Þar til ákveðið verður að leggja teymið niður. Sótt hefur verið um frest á skilum þar til 31. desember 2021.	Að störfum.
<i>Starfshópur um stofnun fjölskyldumiðstöðvar</i>	Að leggja drög að framkvæmdaáætlun/módeli sem haft verði til hliðsjónar við stofnun fjölskyldumiðstöðvar við leikskólann Miðborg og í framhaldinu í öðrum hverfum Reykjavíkurborgar.	SFS ráð	Sviðsstjóri SFS	Saga Stephensen, leikskólaskrifstofu SFS.	Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok maí 2021. Sótt hefur verið um frest á skilum til 31. desember 2021.	Að störfum.

Starfshópar	Hlutverk / Markmið	Uppruni	Áb.	Form./verkefnastj.	Starfstímabil skv. erindisbréfi	Staða
<i>Starfsþróunarhópur SFS</i>	Að samræma og tryggja yfirsýn yfir starfsþróun á vegum skrifstofu SFS til allra starfsstaða á skóla- og frístundasviði í anda menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.	SFS ráð	Sviðsstjóri SFS	Fríða Bjarney Jónsdóttir, deildarstjóri nýsköpunarmiðju menntamála.	Þar til ákveðið verður að leggja hópinn niður.	Að störfum.
<i>Starfshópur um innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkurborgar</i>	Hlutverk hópsins er að halda utan um innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur til 2030 „Látum draumana rætast“.	SFS ráð	Sviðsstjóri SFS	Fríða Bjarney Jónsdóttir, deildarstjóri nýsköpunarmiðja menntamála.	Starfshópurinn heldur mánaðarlega fundi og skilar upplýsingum um stöðu innleiðingar að lágmarki árlega til framkvæmdastjórnar og skóla- og frístundaráðs. Starfshópurinn hóf störf í nóvember 2018 og mun starfa þar til ákveðið verður að leggja hópinn niður.	Að störfum.
<i>Starfshópur um öryggismál í skóla- og frístundastarfi - forgangsröðun tillagna</i>	Að móta tillögur til að auka öryggi barna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.	SFS ráð	Sviðsstjóri SFS	Gísli Ólafsson, verkefnastjóri á fagskrifstofu	Skili fyrir 1.apríl 2021. Hafa sótt um frest á skilum til 1. september 2021.	Að störfum.
<i>Starfshópur um framtíðarsýn samstarfs í leikskólunum Hólaborg og Suðurborg</i>	Að móta og leggja fram tillögur varðandi aukið samstarf, verkaskiptingu og nýtingu mannaúðs í leikskólunum tveimur.	SFS svið	Sviðsstjóri SFS	Elísabet Helga Pálmadóttir, fagstjóri leikskóla í Breiðholti.	Frá 15. september 2020 til 1. apríl 2021. Hafa sótt um frest á skilum vegna COVID.	Að störfum.

Starfshópar	Hlutverk / Markmið	Uppruni	Áb.	Form./verkefnastj.	Starfstímabil skv. erindisbréfi	Staða
Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á skóla- og frístundasviði	Hlutverk hópsins er að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun á sviðinu, skv. reglum um gerð fjárhagsáætlunar.	SFS svið	Sviðsstjóri SFS	Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnisstýra Jafnréttisskóla.	Langtímaverkefni - Hópurinn fylgir því eftir að fjárfestingartillögur fari í gegnum jafnréttisskimun og að þjónustuþættir sviðsins verði kfs greindir.	Að störfum.
Verkefnahópur vegna KFS greiningar - Skólahljómsveitir og Tónlistarskólinn á Klébergi.	Að greina þjónustu skólahljómsveita í Reykjavík og Tónlistaskólann í Klébergi út frá jafnréttis- og kynjasjónarmiðum	SFS svið	Sviðsstjóri SFS	Sigfríður Björnsdóttir, deildarstjóri listfræðslu SFS.	Starfstímabil frá ágúst 2018 - desember 2018. Ábyrgðarmaður hefur samþykkt að fresta því að verkefnið fari af stað þar til á næsta skólaári (2021 - 2022).	Frestað.
Verkefnisstjórn umbóta í starfsumhverfi stjórnenda í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.	Að yfirfara og meta tillögur starfshópa um eflingu faglegrar stöðu stjórnenda leikskóla, stjórnenda grunnskóla og stjórnenda í frístundastarfi og leggja fram heildstæðar tillögur um umbætur í starfsumhverfi stjórnenda í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.	SFS svið	Sviðsstjóri SFS	Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS.	Starfstímabil frá ágúst 2018 til loka febrúar 2019.	Í vinnslu - Tillögur verkefnastjórnar kynntar í sfs ráði 27. apríl 2021. Verið er að vinna innleiðingaráætlun og kostnaðarmeta tillögur.
Starfshópur um innleiðingu breytinga skóla- og frístundastarfs fyrir nemendur/börn í Víkurskóla	Hlutverk hópsins er að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinga á skóla- og frístundastarfi í Víkurskóla.	SFS ráð	Sviðsstjóri SFS	Þuríður Óttarsdóttir skólastjóri Víkurskóla.	Starfshópurinn starfi a.m.k. til ársloka 2022.	Að störfum.

Starfshópar	Hlutverk / Markmið	Uppruni	Áb.	Form./verkefnastj.	Starfstímabil skv. erindisbréfi	Staða
<i>Starfshópur um innleiðingu breytinga skóla- og frístundastarfs fyrir nemendur/börn í Borgaskóla</i>	Hlutverk hópsins er að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinga á skóla- og frístundastarfi í Borgaskóla.	SFS ráð	Sviðsstjóri SFS	Árný Inga Pálsdóttir, skólastjóri Borgaskóla	Starfshópurinn starfi a.m.k. til ársloka 2022.	Að störfum.
<i>Starfshópur um innleiðingu breytinga skóla- og frístundastarfs fyrir nemendur/börn í Engjaskóla</i>	Hlutverk hópsins er að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinga á skóla- og frístundastarfi í Engjaskóla.	SFS ráð	Sviðsstjóri SFS	Álfheiður Einarsdóttir, skólastjóri Engjaskóla	Starfshópurinn starfi a.m.k. til ársloka 2022.	Að störfum.

Alls 18 starfshópar

LOKIÐ STÖRFUM SÍÐAN FEBRÚAR 2021

<i>Starfshópur um húsnæði skóla- og frístundastarfs í Seljaskóla, frístundaheimilinu Vinaseli og safnfrístundaheimilinu Regnboganum og félagsmiðstöðinni Hólmaseli</i>	Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögur um húsnæðismál Seljaskóla, frístundaheimilisins Vinasels (1. og 2. bekkur) og safnfrístundaheimilisins Regnbogans (3. og 4. bekkur) og félagsmiðstöðvar fyrir börn og unglunga Seljaskóla sem í dag sækja Hólmasel, til framtíðar með hagsmuni barna og unglunga í Seljahverfi að leiðarljósi.	SFS svið	Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundaskrifstofu SFS, Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu SFS og Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri frumathugana mannvirkjagerðar USK	Hafdís G. Hilmarsdóttir, Sigrún Sveinbjörnsdóttir	Starfstími hópsins er frá maí til 30. júní	Lokið. Niðurstöður starfshóps voru kynntar á fundi framkvæmdastjórnar 25. ágúst 2021.
--	--	----------	--	---	--	---

Starfshópar	Hlutverk / Markmið	Uppruni	Áb.	Form./verkefnastj.	Starfstímabil skv. erindisbréfi	Staða
<i>Starfshópur um táknmálsumhverfi í Sólborg - táknmálssviði Hlíðaskóla Eldflauginni og Gleðibankanum.</i>	Hlutverk hópsins er að vinna að tillögum er varðar bætt starfsumhverfi, endurmenntun sem og samstarf stofnana sem hafa táknmálstalandi börn og koma með tillögur að leiðum til að fjölga táknmálstalandi kennurum/starfsfólki.	SFS svið	Sviðsstjóri SFS	Fjóla Þorvaldsdóttir, sérkennslufulltrúi leikskóla.	Skil á tillögum til ábyrgðarmanns fyrir 1. sept. 2020. Skýrsla starfshóps var kynnt í framkvæmdastjórn 3. febrúar 2021. Verið er að kostnaðargreina tillögur.	Lokið.
<i>Starfshópur um frekari innleiðingu á verkefnum skóla- og frístundasviðs í Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 auk mats á árangri þeirrar innleiðingar sem þegar hefur farið fram</i>	Hlutverk hópsins er að vinna að frekari innleiðingu á stefnu um frístundaþjónustu SFS auk mats á árangri þeirra innleiðingar sem þegar hefur farið fram.	SFS ráð	Sviðsstjóri SFS	Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu.	Starfstímabil frá september 2019 til loka maí 2020.	Lokið. Starfshópur kynnti tillögur hópsins á fundi skóla- og frístundaráðs 25. maí 2021.

3 starfshópar

Yfirlit yfir erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs sem hafa verið settir á laggirnar frá febrúar 2021

Heiti starfshóps	Hlutverk starfshóps
<i>Starfshópur um húsnæði skóla- og frístundastarfs í Réttarholtsskóla og Bústöðum</i>	Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögur um húsnæðismál Réttarholtsskóla og Bústaða til framtíðar með hagsmuni barna og unglinga í Bústaðahverfi að leiðarljósi.
<i>Starfshópur um kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar</i>	Að skoða hvernig megi auka og efla kynjafræði og hinseginfræði í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík og bæta við þjálfun og þekkingu starfsfólks á þeim sviðum.
<i>Starfshópur um mat á misferlisáhættu hjá skóla- og frístundasviði</i>	Kortleggja áhættusama starfs- og þjónustupætti innan sviðsins.
<i>Starfshópur um Betri borg fyrir börn</i>	Hlutverk starfshópsins er að innleiða verkefnið Betri borg fyrir börn í öllum þjónustuverfum borgarinnar. Þrjú ný teymi verði mynduð: Eitt í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, annað í Laugardal og Háaleiti og það þriðja í Árbæ, Grafarholti, Grafarvogi og Kjalarnesi. Teymin verði því fjögur í heildina með því sem starfrækt er í Breiðholti.
<i>Starfshópur um innleiðingu löggjafar um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna - verkefnastjórn</i>	Hlutverk verkefnastjórnar er að undirbúa Reykjavíkurborg fyrir væntanlega löggjöf um farsæld barna með því m.a að vinna að innleiðingu tillagna stýrihópsins sem allar miða að því koma á breytingum í þjónustu við börn með sérstakar þjónustuparfir og fjölskyldur þeirra.
<i>Starfshópur 4 - einföldun aðgengis að þjónustu</i>	Hlutverk hópsins er að hefja undirbúning að rafvæðingu á umsóknarferli um skólaþjónustu þar sem ferlið verður endurskoðað í heild sinni út frá þörfum notenda

<p><i>Starfshópur um áherslur um árangursmat</i></p>	<p>Hlutverk starfshópsins er að styðja við og þróa enn frekar faglegt mat á árangri af sérkennslu, sértækum stuðningi í skóla- og frístundastarfi, skólalþjónustu og þjónustu velferðarsviðs við börn og fjölskyldur, vinna að góðu samstarfi við þau kerfi sem hafa að gera með söfnun og vistun gagna, fá leyfi og heimildir til að vinna með gögn sem nýst geta til markvissari vinnslu innan skóla, hverfis og sveitarfélags.</p>
<p><i>Starfshópur um aukinn stuðning við börn</i></p>	<p>Hlutverk starfshópsins er að vinna niður biðlista í skólalþjónustu, einkum að fækka þeim málum þar sem beðið er eftir þjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga.</p>



ERINDISBRÉF¹

Starfshópur um húsnæðis skóla- og frístundastarfs í

Réttarholtsskóla og Bústöðum

Ábyrgðarmenn: Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundaskrifstofu SFS, Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu SFS og Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri frumathugana mannvirkjagerðar USK.

Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda er verulega farið að þrengja að í húsnæði Réttarholtsskóla. Færanlegar kennslustofur hafa verið settar á lóð skólans til að bregðast við nemendafjölgun en nútíma starfs- og kennsluhættir krefjast endurbóta á húsnæði Réttarholtsskóla.

Félagsmiðstöðin Bústaðir hefur í áratugi rekið starfsemi sína í kjallara Bústaðakirkju, þar sem ekki er aðgengi fyrir fatlaða, dagsbirtu nýtur ekki við og engir opnanlegir gluggar eru í húsnæðinu. Aðkallandi er fyrir samstarf Réttarholtsskóla og Bústaða að færa starfsemina nær hvor annarri.

Fyrir liggur að stofnuð verði deild fyrir einhverfa í Réttarholtsskóla haustið 2021 og mikilvægt að finna henni rými innan skólans.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögur um húsnæðismál Réttarholtsskóla og Bústaða til framtíðar með hagsmuni barna og unglinga í Bústaðahverfi að leiðarljósi.

Helstu verkefni:

- Að skoða tillögur, greiningargögn og ábendingar sem fram hafa komið í vinnu skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.
 - Koma með tillögu að aðstöðu fyrir einhverfudeild innan Réttarholtsskóla
 - Koma með tillögu að aðstöðu fyrir félagsmiðstöðina Bústaði innan eða við Réttarholtsskóla.
 - Koma með tillögu að betri nýtingu List og verkefnahús. Endurnýja þarf húsnæðið og gera ráð fyrir að pláss verði fyrir 4 einingar í stað 3ja nú.
 - Koma með tillögur að endurbótum á húsnæði Réttarholtsskóla, rýna það sem þarf að endurnýja og viðbygging leysi færanlegar stofur af hólmi.

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa: http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf

Starfshópurinn skipa:

Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu SFS

Hulda Valdís Valdimarsdóttir, verkefnisstjóri á frístundaskrifstofu SFS

Margrét Sigfúsdóttir, skólastjóri Réttarholtsskóla

Anna María Benediksdóttir, arkitekt, Frumathuganir mannvirkja USK.

Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri

Daníel Benediksson, verkefnastjóri fasteigna- og búnaðarmála SFS

Verkefnisstjórar starfshópsins:

Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Guðrún Edda Bentsdóttir


Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu ef svo ber undir.

Starfstími:

Hópurinn starfar til 30. apríl 2021.

Reykjavík, 17. mars 2021



Helgi Grímsson sviðsstjóri

ERINDISBRÉF – STARFSHÓPUR UM KYNJA- OG HINSEGIN FRÆÐSLU Í SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFI REYKJAVÍKURBORGAR

Heiti vinnuhóps: Starfshópur um kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar
Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs
Hlutverk: Að skoða hvernig megi auka og efla kynjafræði og hinseginfræði í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík og bæta við þjálfun og þekkingu starfsfólks á þeim sviðum.
Helstu verkefni: Verkefni hópsins eru m.a. að: <ul style="list-style-type: none">• Kortleggja kennslufni, þekkingu starfsfólks og þarfir er varðar kynja- og hinseginfræði í leik-, grunnskóla og frístundastarfi• Leggja mat á núverandi stöðu kynja- og hinseginfræðslu í leik-, grunnskóla og frístundastarfi• Rýna í námsefni og fræðslu á sviði kynja- og hinseginfræðslu sem stendur starfsfólki til boða og nýtingu á því• Varpa ljósi á árangursríkar leiðir og verkefni sem unnin hafa verið á sviði kynja- og hinseginfræðslu• Leggja fram tillögur til að efla þekkingu starfsfólks á kynja- og hinseginfræðum• Leggja fram tillögur til að auka kynja- og hinseginfræðslu til barna og unglinga
Fulltrúar í hópi: <ul style="list-style-type: none">• Bára Katrín Jóhannsdóttir – Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna• Bryndís Ýr Sigurþórsdóttir – Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna• Guðný Maja Riba Pétursdóttir – fulltrúi starfsfólks grunnskóla• Hrefna Þórarinsdóttir - fulltrúi stjórnenda og starfsfólks frístundastarfs• Katrín Cýrusdóttir – fulltrúi stjórnenda grunnskóla• Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir – verkefnastýra Jafnréttisskóla Rvk. (formaður hóps)• Sólveig Björg Pálsdóttir – fulltrúi starfsfólks í leikskóla• Svandís Anna Sigurðardóttir – sérfræðingur í hinsegin- og jafnréttismálum á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu (Starfsmaður hóps)
Formaður vinnuhóps: Kolbrún Hrund Sigurgeirdóttir verkefnisstýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur
Ráðgjöf/samstarf: <ul style="list-style-type: none">• Samtökin '78• Sérfræðingar í kynjafræðum og hinseginfræðum sem starfshópur telur tilefni til að leita til• Aðrir sem starfshópurinn telur tilefni til að leita til

ERINDISBRÉF – STARFSHÓPUR UM KYNJA- OG HINSEGIN FRÆÐSLU Í SKÓLA- OG
FRÍSTUNDASTARFI REYKJAVÍKURBORGAR

Starfstímabil:

Skólaárið 2020-2021

Skil: Skýrslu ásamt tillögum skilað til skóla- og frístundaráðs og mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs vorið 2021



ERINDISBRÉF¹

Starfshópur um mat á misferlisáhættu hjá skóla- og frístundasviði

Ábyrgðarmaður: Sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs

Inngangur:

Stjórnun og stefna í misferlisáhættu er mikilvæg leið til að auka verðmæti og skilvirkni í stjórnáslu. Í meirihluta sáttmála Borgarstjórnar árin 2018-2022 kemur fram markmið um að Innri endurskoðun ljúki greiningu á misferlisáhættu innan borgarkerfisins. Innri endurskoðun lagði minnisblað fyrir borgarráð þann 21. desember 2017, um áhættustýringu og greiningu á misferlisáhættu, sem sendi erindið til stjórnkerfis og lýðræðisráð til umsagnar.

Í umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 15. janúar 2018 tók ráðið undir mikilvægi þess að misferlisáhætta verði greind á öllum sviðum borgarinnar í ljósi þess að óvissa um áhættuna er til staðar. Slík greining væri til þess fallin að leggja grunn að markvissara eftirlit og hefði jafnframt í för með sér aukna vitund meðal starfsfólks borgarinnar um misferli og góða stjórnunarhætti.

Afleiðingar misferlis geta verið alvarlegar og snerta bæði fjárhagslega hagsmuni, orðspor, ímynd og traust gagnvart stofnunum og starfsmönnum Reykjavíkurborgar. Misferli er skilgreint sem hvers konar ólöglegt atferli sem felur í sér svik, yfirhýlmingu eða trúnaðarrest. Misferli er beitt af einstaklingum og fyrirtækjum til að komast yfir fjármuni, eignir eða þjónustu; til að komast hjá greiðslu eða missi á þjónustu; eða til að tryggja einkahagsmuni eða viðskiptahagsmuni.

Markmið:

Megin markmið misferlisáhættumats er að skilja áhættu á misferli í hverjum starfsþætti fyrir sig. Í áhættumati felst að greina aðferðir sem eru hugsanlega notaðar við misferli og athugun á skilvirkni eftirlits fyrir hverja aðferð. Greining á misferlisáhættu skal vera byggð á líkindum og afleiðingum sem aðstoðar stjórnendur við að forgangsraða og gera úrbætur á vinnuferlum sem geta komið í veg fyrir misferli í starfsemi.

Umfang:

Brýnt er að viðtækt samráð náist við fagsvið og miðlæga stjórnáslu, stjórnendur og lykilstarfsmenn. Umfang verkefnis takmarkast að þessu sinni við Skóla- og frístundasvið

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Kortleggja áhættusama starfs- og þjónustubætti innan sviðsins
- Skráning á áhættu þar sem fram koma
 - eðli áhættu

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa: http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_stvrihopa.pdf. Einnig er ráðlegt að fylla út evðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

- líkur og afleiðingar
- núverandi eftirlit
- eigandi áhættu og eftirfylgnisaðgerðir
- Gera forgangsröðun, meðhöndlun áhættu, meta skilvirkni eftirlits og leggja til umbætur til að draga úr áhættu

Starfshópurinn skipa:

Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri SFS, sem jafnframt er tengiliður við IE

Guðrún Sigtryggsdóttir, aðallögfræðingur SFS

Jóhanna Marteinsdóttir, mannauðsérfræðingur á SFS

Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjóri Frístundamiðstöðvarinnar í Gufunesi.

Ólafur B Bjarkason, leikskólastjóri í Hagaborg

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, skólastjóri Fossvogsskóla

Til ráðgjafar og samstarfs:

Jenný Stefanía Jensdóttir, verkefnastjóri hjá Innri endurskoðun, sem mun fylgja verkefninu úr hlaði og vera til ráðgjafar varðandi áhættumat á áhættuviðburðum

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstími:

Starfstímabil þessa starfshóps skal vera frá 15. júní 2021 og skal hópurinn skila niðurstöðum til ábyrgðamanns 15. september 2021.

Ábyrgðarmaður mun koma niðurstöðum til Innri endurskoðunar sem gefur út heildarskýrslu til borgarráðs um greiningu á misferlisáhættu sem nýtist sem grunnur að aðgerðum og vörnum gegn mögulegu misferli og spillingu innan Reykjavíkurborgar.

Reykjavík,

Hjálagt:

71

SFS2021080158

VEL2021080019

ERINDISBRÉF

Starfshópur um Betri borg fyrir börn

Ábyrgðarmenn: Helgi Grímsson, sviðstjóri skóla- og frístundasviðs og Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Inngangur:

Á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs þann 8. júní 2021 voru samþykktar sex tillögur stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir (Ísak).

Tillögurnar voru samþykktar í borgarráði 10. júní og 1. júlí sama ár.

Stýrihópurinn skoðaði heildstætt hvernig mætti samþætta og einfalda skipulag og starfsemi þeirrar stoðþjónustu sem borgin veitir börnum með sérstakar þjónustuparfir og fjölskyldum þeirra.

Ein af tillögum stýrihópsins, tillaga nr. 1, var útfærsla á verkefninu Betri borg fyrir börn í Breiðholti í alla borgarhluta Reykjavíkur. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Þá er lögð áhersla á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að innleiða verkefnið Betri borg fyrir börn í öllum þjónustuhverfum borgarinnar. Þrjú ný teymi verði mynduð: Eitt í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, annað í Laugardal og Háaleiti og það þriðja í Árbæ, Grafarholti, Grafarvogi og Kjalarnesi. Teymin verði því fjögur í heildina með því sem starfrækt er í Breiðholti.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Fara yfir mat á verkefninu í Breiðholti og nýta niðurstöður í skipulagi á nýju verklagi.
- Fara yfir framkvæmd núverandi þjónustu í öðrum borgarhlutum til að bæta verklag þjónustunnar um alla borg.
- Vinna í samstarfi við verkefnahópa sem innleiða tillögur stýrihópsins um *Einföldun aðgengis að þjónustu* og *Áherslur um árangursmat*, til að ná fram samræmi í þjónustu milli þjónustuhverfa og festa í sessi það sem best er gert í hverju hverfi.
- Undirbúa tillögur ásamt kostnaðarmati fyrir skóla- og frístundasvið og velferðarsvið um fyrirkomulag þjónustunnar fyrir 15. september 2021.
- Hefja undirbúning að innleiðingu verkefnisins í öll hverfi borgarinnar þannig að þjónustan með þessu fyrirkomulagi geti hafist 1. janúar 2022.
- Undirbúa samstarfssamning um þjónustuna milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs.
- Undirbúa mælingar/aborð fyrir framgang verkefnisins, sbr. tillögu stýrihópsins nr. 5.
- Kynningar og samráð við helstu hagsmunaaðila innan og utan Reykjavíkurborgar sem málið varðar, s.s. starfsfólk SFS og VEL, foreldrafélög.

Starfshópurinn skipa:

Hákon Sigursteinsson, velferðarsvið, sem jafnframt er formaður verkefnisstjórnar
Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, deildarstjóri í Breiðholti
Ólafur B. Bjarkason, leikskólastjóri í Hagaborg
Sigurlaug Hrunn Svavarsdóttir, fagstjóri grunnskóla í Breiðholti
Sigbrúður Erla Arnardóttir, framkv.stjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða
Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu frístunda

Formaður verkefnisstjórnar:

Hákon Sigursteinsson er formaður verkefnisstjórnar til ársloka 2022. Hann er jafnframt faglegur leiðtogi skólaþjónustunnar eins og hún er í núverandi mynd og heyrir undir skrifstofustjóra á velferðarsviði. Starfsstöð verkefnisstjóra verður á skóla- og fristundasviði.

Til ráðgjafar, samstarfs og samráðs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Listi ráðgefandi aðila:


Ásgerður Guðnadóttir, leikskólastjóri í Hálsaskógi
Anna Bergsdóttir, skólastjóri Hamraskóla
Elisabet Helga Pálmadóttir, fagstjóri leikskóla í Breiðholti
Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, sérfræðingur í aðferðafræði og rannsóknnum, SFS
Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kringlumýri
Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri ráðgjafar á velferðarsviði
Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir, sérfræðingur í aðferðafræði og rannsóknnum, VEL
Óskar Dýrmundur Ólafsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts
Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla

Starfstími:

Starfshópur tekur til starfa í júní 2021 og starfar til ársloka 2022. Starfshópurinn fundar tvisvar í mánuði fyrstu sex mánuðina og eftir það einu sinni í mánuði að lágmarki. Drög að útfærslu tillagna skal skilað til ábyrgðaraðila fyrir 15. september 2021. Fundargerðir skulu vistaðar í skjalavistunarkerfi Gopro beggja sviða.

Reykjavík,

25. ágúst. 2021



Högni Guðmúndsson
Leyna Árnalds P.

Hjálagt:

ERINDISBRÉF

Starfshópur um innleiðingu löggjafar um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna - verkefnastjórn

Ábyrgðarmenn: Helgi Grímsson, sviðstjóri skóla- og frístundasviðs og Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Inngangur:

Á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs þann 8. júní 2021 voru samþykktar sex tillögur stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir (Ísak). Tillögurnar voru samþykktar í borgarráði 10. júní og 1. júlí 2021. Stýrihópurinn skoðaði heildstætt hvernig mætti samþætta og einfalda skipulag og starfsemi þeirrar stoðþjónustu sem borgin veitir börnum með sérstakar þjónustuparfir og fjölskyldum þeirra.

Ein af tillögum stýrihópsins, tillaga númer sex, er stofnun verkefnastjórnar.

Hlutverk:

Hlutverk verkefnastjórnar er að undirbúa Reykjavíkurborg fyrir væntanlega löggjöf um farsæld barna með því m.a að vinna að innleiðingu tillagna stýrihópsins sem allar miða að því koma á breytingum í þjónustu við börn með sérstakar þjónustuparfir og fjölskyldur þeirra.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Undirbúningur og innleiðing á sex tillögum stýrihópsins og þeim ábendingum sem koma fram í skýrslu stýrihópsins.
 - Tillaga 3 sem varðar úthlutun fjármagns á grundvelli lýðfræði fellur undir verkefnastjórn, sem skal fylgjast með því hvernig útfærslan gengur m.t.t. gagnasöfnunar og innleiðingar.
- Vinna tillögur til framlagningar í skóla- og frístundaráði og velferðarráði.
- Fylgjast með framvindu innleiðingar á farsældarfrumvarpi á landsvísu.
- Kynningar og samstarf við stofnanir innan og utan Reykjavíkurborgar sem málið varðar.
- Kynningar og samstarf við heilsugæslu, Landspítala og aðra hagsmunaaðila.
- Annað sem hópurinn telur skipta máli.

Starfshópurinn skipa:

Hákon Sigursteinsson, velferðarsvið, sem jafnframt er formaður verkefnisstjórnar

Fjóla Þorvaldsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu leikskóla

Hafðís Guðrún Hilmarsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu grunnskóla

Katrín Þórdís Jacobsen, deildarstjóri sértækrar ráðgjafar á velferðarsviði

Sigríður Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu frístundamála

Formaður starfshóps:

Hákon Sigursteinsson, formaður verkefnastjórnar, er formaður starfshóps. Hann er jafnframt faglegur leiðtogi skólaþjónustunnar eins og hún er í núverandi mynd og heyrir undir skrifstofustjóra á velferðarsviði. Starfsstöð verkefnastjóra verður á skóla- og frístundasviði.

Til ráðgjafar, samstarfs og samráðs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Listi ráðgefandi aðila:

Alda Róbertsdóttir, deildarstjóri í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

Arna Björg Birgisdóttir, deildarstjóri í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðbæjar og Hlíða

Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé, framkvæmdastjóri Keðjunnar

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Tjarnarinnar

Jón Páll Haraldsson, skólastjóri Laugarlækjarskóla

Pála Pálsdóttir, leikskólastjóri í Engjaborg


Sólveig Ingibjörg Reynisdóttir, framkvæmdastjóri í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts

Starfstími:

Starfshópur tekur til starfa í ágúst 2021 og starfar til ársloka 2022. Starfshópurinn fundar tvisvar í mánuði fyrstu sex mánuðina og eftir það einu sinni í mánuði að lágmarki. Drög að útfærslu tillagna vegna tillögu 1, Betri borg fyrir börn skal skilað til ábyrgðaraðila fyrir 15. september 2021. Drög vegna tillögu 5, Áhersla á árangursmat, skal skilað fyrir 15. desember 2021. Fundargerðir skulu vistaðar í skjalavistunarkerfi Gopro beggja sviða.

Reykjavík,

25. ágúst 2021


Hákon Sigursteinsson
Reynir Haraldsson

Hjálagt:

ERINDISBRÉF

Starfshópur 4 - einföldun aðgengis að þjónustu

Ábyrgðarmenn: Helgi Grímsson, sviðstjóri skóla- og frístundasviðs og Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Inngangur:

Á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs þann 8. júní 2021 voru samþykktar sex tillögur stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir (Ísak). Tillögurnar voru samþykktar í borgarráði 10. júní og 1. júlí 2021. Stýrihópurinn skoðaði heildstætt hvernig mætti samþætta og einfalda skipulag og starfsemi þeirrar stoðþjónustu sem borgin veitir börnum með sérstakar þjónustuparfir og fjölskyldum þeirra. Ein af tillögnum, tillaga nr. 4, var rafvæðing umsóknarferils skólaþjónustu og endurskoðun verklags út frá notendamiðaðri hönnun með það að markmiði að auðvelda aðgengi skóla og foreldra að skólaþjónustu og að einfalda samskipti skóla og foreldra barna við skólaþjónustu. Lagt var upp með að verkið yrði unnið í hönnunarsprettum og í samráði við þjónustu- og nýsköpunarsvið borgarinnar.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að hefja undirbúning að rafvæðingu á umsóknarferli um skólaþjónustu þar sem ferlið verður endurskoðað í heild sinni út frá þörfum notenda.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Innleiðing á tillögu 4, *Rafvæðing umsóknarferils skólaþjónustu og endurskoðun verklags út frá notendamiðaðri hönnun.*
- Endurskoðun verkferla, árangursmælikvarða og aðgengis að þjónustunni út frá notendamiðaðri hönnun.
- Endurskilgreina þjónustuna og framkvæmd hennar, t.d. út frá skilgreiningu á hlutverki ríkis og sveitarfélaga og ríkari forgangsörðun þeirra verkefna sem best geta mætt þörfum barna/fjölskyldna og skóla.
- Kynningar og samstarf við stofnanir innan Reykjavíkurborgar sem málið varðar.

Starfshópurinn skipa:

Hákon Sigursteinsson, velferðarsvið, sem jafnframt er formaður verkefnisstjórnar
Gísli Ólafsson, verkefnastjóri á skrifstofu SFS
Gyða Guðmundsdóttir, leikskólastjóri í Borg
Katrín Þórdís Jacobsen, deildarstjóri sértækrar ráðgjafar á velferðarsviði
Laufey Dís Ragnarsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu í Árbæ/Grafarholti
Rósa Harðardóttir, skólastjóri í Selásskóla

Formaður verkefnisstjórnar:

Hákon Sigursteinsson er formaður verkefnisstjórnar til ársloka 2022. Hann er jafnframt faglegur leiðtogi skólaþjónustunnar eins og hún er í núverandi mynd og heyrir undir skrifstofustjóra á velferðarsviði. Starfsstöð verkefnastjóra verður á skóla- og frístundasviði.

Til ráðgjafar, samstarfs og samráðs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Listi ráðgefandi aðila:

Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra velferðarsviðs

Eybjörg Geirsdóttir, verkefnastjóri á velferðarsviði

Styrmir Erlingsson, stafrænn leiðtogi á velferðarsviði

Jón Hafsteinn Jóhannesson, stafrænn leiðtogi á skóla- og frístundasviði

Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla

Starfstími:

Starfshópur tekur til starfa í ágúst 2021 og starfar til ársloka 2022. Starfshópurinn fundar tvisvar í mánuði fyrstu sex mánuðina og eftir það einu sinni í mánuði að lágmarki. Fundargerðir skulu vistaðar í skjalavistunarkerfi Gopro beggja sviða.

Reykjavík,

25. ágúst. 2021

Hjálagt:

Hekki Guð
Regna Ásvald. P.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um áherslur um árangursmat

Ábyrgðarmenn: Helgi Grímsson, sviðstjóri skóla- og frístundasviðs og Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Inngangur:

Á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs þann 8. júní 2021 voru samþykktar sex tillögur stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustufarfir (Ísak). Tillögurnar voru samþykktar í borgarráði 10. júní og 1. júlí 2021. Stýrihópurinn skoðaði heildstætt hvernig mætti samþætta og einfalda skipulag og starfsemi þeirrar stoðþjónustu sem borgin veitir börnum með sérstakar þjónustufarfir og fjölskyldum þeirra. Ein af tillögum stýrihóps, tillaga fimm, er innleiðing árangursmats á sértækum stuðningi við börn og fjölskyldur.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að styðja við og þróa enn frekar faglegt mat á árangri af sérkennslu, sértækum stuðningi í skóla- og frístundastarfi, skólaþjónustu og þjónustu velferðarsviðs við börn og fjölskyldur, vinna að góðu samstarfi við þau kerfi sem hafa að gera með söfnun og vistun gagna, fá leyfi og heimildir til að vinna með gögn sem nýst geta til markvissari vinnslu innan skóla, hverfis og sveitarfélags.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Innleiðing á tillögu 5, *Innleiðing árangursmats á sértækum stuðningi við börn og fjölskyldur*.
- Skoða stöðumat skólanna á læsi, félagfærni og líðan. Skoða hvernig aðrir þjónustubættir skuli metnir út frá þeim markmiðum sem unnið er með hverju sinni. Í framhaldinu er hægt að leggja mat á árangurinn fyrir þau börn sem um ræðir, þ.e.a.s. hve miklum framförum þau taka í kjölfar stuðnings og hvar séu helst sóknarfæri til úrbóta í þeirra þágu.
- Tryggja samræmi árangursmælinga við mælaborð laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- Kynningar og samstarf við stofnanir innan Reykjavíkurborgar sem málið varðar.

Starfshópurinn skipa:

Hákon Sigursteinsson, velferðarsvið, formaður
Fjóla Þorvaldsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu leikskóla
Halldóra Sigtryggsdóttir, leikskólastjóri í Ösp
Helgi Hjartarson, deildarstjóri skólaþjónustu í Laugardal/Háaleiti
Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri í Austurbæjarskóla
Sigríður Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu frístundamála
Þóra Melsted, deildarstjóri barnastarfs í Gufunesbæ

Formaður verkefnisstjórnar:

Hákon Sigursteinsson formaður verkefnastjórnar er formaður starfshóps. Hann er jafnframt faglegur leiðtogi skólaþjónustunnar eins og hún er í núverandi mynd og heyrir undir skrifstofustjóra á velferðarsviði. Starfsstöð verkefnastjóra verður á skóla- og frístundasviði.

Til ráðgjafar, samstarfs og samráðs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Listi ráðgefandi aðila:

Arnheiður Helgadóttir, skólastjóri Klettaskóla

Björg Jónsdóttir, skólastjóri Brúarskóla

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu grunnskóla

Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, sérfræðingur í aðferðafræði og rannsóknum, SFS

Guðrún eða Lína Dögg, deildarstjóri farteyma

Kristín Hildur Ólafsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu leikskóla

Margrét Magnúsdóttir, deildarstjóri í Miðgarði

Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir, sérfræðingur í aðferðafræði og rannsóknum, VEL

Saga Stephensen, verkefnastjóri á fagskrifstofu leikskóla


Starfstími:

Starfshópur tekur til starfa í ágúst 2021 og starfar til ársloka 2022. Starfshópurinn fundar tvisvar í mánuði fyrstu sex mánuðina og eftir það einu sinni í mánuði að lágmarki. Fundargerðir skulu vistaðar í skjalavistunarkerfi Gopro beggja sviða.

Reykjavík,

25. ágúst. 2021

Hjálagt:


Helgi Arnarson

ERINDISBRÉF

Starfshópur um aukinn stuðning við börn

Ábyrgðarmenn: Helgi Grímsson, sviðstjóri skóla- og frístundasviðs og Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Inngangur:

Á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs þann 8. júní 2021 voru samþykktar sex tillögur stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir (Ísak). Tillögurnar voru samþykktar í borgarráði 10. júní og 1. júlí 2021.

Stýrihópurinn skoðaði heildstætt hvernig mætti samþætta og einfalda skipulag og starfsemi þeirrar stoðþjónustu sem borgin veitir börnum með sérstakar þjónustuparfir og fjölskyldum þeirra. Ein af tillögum stýrihóps, tillaga nr. 2, var tímabundin fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid-19 á börn og unglinga. Áætlað er að á 12 mánaða tímabili muni nást að veita allt að 650 börnum þjónustu með þeirri aukningu stöðugilda sem tillagan gerir ráð fyrir. Þeir sérfræðingar sem nú þegar eru að störfum á þjónustumiðstöðvum munu jafnframt vinna við að þjónusta börn sem nú eru á biðlistunum til að hægt sé að vinna á honum.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að vinna niður biðlista í skólaþjónustu, einkum að fækka þeim málum þar sem beðið er eftir þjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Innleiðing á tillögu stýrihópsins nr. 2, *Aukinn stuðningur við börn*.
Útfæra skipulag vinnunnar, greina og forgangsraða á biðlistum í samráði við miðlæga verkefnastjórn, fulltrúa skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs og útvega börnum þjónustu.
- Nýta allar mögulegar leiðir/lausnir til að koma til móts við þarfir barna sem bíða eftir þjónustu, meðal annars með því að senda upplýsingar/beiðni/bréf til viðeigandi aðila og fyrirtækja sem gætu tekið verkefnið að sér.
- Tryggja bestu mögulegu leiðir til nýtingar viðbótarfjármagns. Fylgjast með framvindu og nýtingu viðbótarfjármagns.
- Kynningar og samstarf við stofnanir innan Reykjavíkurborgar sem málið varðar.

Starfshópurinn skipa:

Hákon Sigursteinsson, velferðarsvið, sem jafnframt er formaður verkefnisstjórnar

Guðrún Ásgeirsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu í Miðgarði

Katrín Þórdís Jakobsen, deildarstjóri sértækrar ráðgjafar á velferðarsviði

Formaður verkefnisstjórnar:

Hákon Sigursteinsson er formaður verkefnastjórnar til ársloka 2022. Hann er jafnframt faglegur leiðtogi skólaþjónustunnar eins og hún er í núverandi mynd og heyrir undir skrifstofustjóra á velferðarsviði. Starfsstöð verkefnastjóra verður á skóla- og frístundasviði.

Til ráðgjafar, samstarfs og samráðs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Listi ráðgefandi aðila:

Árný Inga Pálsdóttir, skólastjóri Borgaskóla

Kristín Einarsdóttir, leikskólastjóri í Miðborg

Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri ráðgjafar á velferðarsviði

Starfstími:

Starfshópur tekur til starfa í ágúst 2021 og starfar til ársloka 2022. Starfshópurinn fundar tvisvar í mánuði fyrstu sex mánuðina og eftir það einu sinni í mánuði að lágmarki. Fundargerðir skulu vistaðar í skjalavistunarkerfi Gopro beggja sviða.

Reykjavík,

25. ágúst. 2021

Hákon Sigursteinsson
Ráðgjafi

Hjálagt: